



Ársskýrsla  
Fjölbrautaskólans í  
Garðabæ 2018

Mars 2019

Kristinn Þorsteinsson

## Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Skólasamningur	4
3	Starfsemi skólaárið 2018	4
3.i	Vorönn 2018	4
3.ii	Haustönn 2018	5
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	6
5	Sjálfsmat	7
6	Námsframboð	7
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	8
7.i	Stærð húsnæðis	8
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2018	8
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2018	8
7.iv	Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2014–2018 greind eftir kynjum	9
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir póstnúmerum haust 2017 og haust 2018	9
7.vii	Meðalstærð námshópa vor 2018 og haust 2018	11
8	Starfsfólk	11
8.i	Skólanefnd FG	
8.ii	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2018	11
8.ii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	12
8.iii	Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans	12
8.iv	Hverjir teljast til stjórnenda skólans	12
8.v	Kynjaskipting starfsfólks	12
8.vi	Starfsaldur kennara í FG	12
8.vii	Kennsluhættir í FG	12
9	Fjármál skólans	12
	Viðauki prófill skólans	15
	Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára	17

## 1 Hlutverk Fjölbrotaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrotaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrotaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl

### 1i Markmið Fjölbrotaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Endurmenntunaráætlun FG](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna FG](#)
- [Starfsmannastefna FG](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum](#)
- [Umhverfisstefna FG](#)

Reglur

- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi og veikindatilkynningar](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um notkun tölvubúnaðar skólans](#)
- [Reglur skólans varðandi fíkniefni](#)
- [Reglur um launalaus leyfi starfsmanna](#)
- [Skólareglur](#)
- [Skólasóknarreglur](#)
- [Umgengnisreglur](#)
- [Verklagsr. um tilkynningarsk. til barnaverndarnefnda](#)

## 2 Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára

Gildistími skólasamnings sem undirritaður var 26. febrúar 2013 var frá 1. jan. 2013 til 31. desember 2015. Samninginn má sjá á [heimasíðu skólans](#) sem og á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Viðauki við þann skólasamning var undirritaður þann 29. nóvember 2016 með breytingum um gildistíma en hann framlengist til 31.12.2017. Auk þess kemur vísun til laga um opinber fjármál nr. 123/2015 inn í 2. grein viðaukans.

Nú er ekki lengur gerður skólasamningur. Þess í stað leggur skólinn á hverju ári fram stefnuskjal til þriggja ára og er það endurskoðað á hverju ári. Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2018. Sjá má það stefnuskjal í viðauka.

Að hausti 2017 var lagt fram stefnuskjal til þriggja ára. Það var í annað skiptið sem það var gert. Sett voru fram markmið og verður gert grein fyrir þeim.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram þrjú markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Markmið náðist ekki að fullu en við höfðum stefnt að því að 60% nemenda sem hefðu til þess forsendur myndu útskrifast á tilskyldum tíma. Niðurstaðan var 55%. Farið var eftir aðgerðaráætlun og stóðst hún.
2. **Taka upp þriggja anna kerfi á haustönn 2019.** Þetta markmið er á áætlun og er allt tilbúið til að taka upp þriggja anna kerfi haustið 2019. Fylgt var aðgerðaráætlun og stóðst hún.
3. **Að minnka brotthvarf nemenda.** Þetta markmið hófst haustið 2018 og því of snemmt að kveða upp úr með árangur. Ekki tókst að fylgja aðgerðaáætlun til hlítar. Við erum á eftir áætlun með aðgerðir fyrir nemendur af erlendum uppruna og er á áætlun að taka upp breytt verklag haustið 2019.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram þrjú markmið.

1. **Bæta nýtingu fjármuna.** Hér var fyrst og fremst horft til þess að minnka yfirvinnu kennara. Það mistókst með öllu. Í framhaldi af dómi Félagsdóms í deilu KÍ og ríkisins var skólanum úthlutað fé til að mæta þeim kostnaði sem dómnum fylgdi. Þær greiðslur voru allar greiddar í yfirvinnu og kostnaðarmældar í yfirvinnu. Því jókst yfirvinna en minnkaði ekki.
2. **Endurnýjun búnaðar.** Hér náðist talsverður árangur. Sett var upp nýtt þráðlaust net í skólanum í árslok 2018. Stólar á vinnuherbergi kennara voru allir endurnýjaðir. Endurnýjun á bókasafni var hafin. Bætt var úr skorti í tölvumálum. Áfram verður unnið að þessum lið eftir því sem fjárhagur skólans leyfir.
3. **Mannauður styrktur.** Þetta markmið var illa skilgreint og var erfitt í framkvæmd. Var horft til þess að skýra framkvæmd þess betur í stefnuskjali fyrir 2019. Ekki er hægt að segja að við höfum náð þessu markmiði.

## 3 Starfsemi skólaárið 2018

### 3.i Vorönn 2018

Vorönnin hófst með afhendingu stundataflna 3. janúar og kennarafundi 4. janúar. Kennsla hófst svo 5. janúar. Kennt var í dagskóla og fjarnámi. Fjöldi nemenda í dagskóla var 659 nemendur og voru það heldur fleiri en síðasta ár. Fjölda nemenda var neitað um skólavist þar sem skólinn hefur takmarkaðan fjölda ígilda og hefur þeim fækkað síðustu ár þrátt fyrir mikla aðsókn. Nemendur sem voru eingöngu í fjarnámi voru 86. Fjarnám hefur ekkert verið auglýst og hefur skólinn ekki getað sótt

frekar fram í fjarnámi vegna skorts á ígildum. Skólaráðsfundir voru haldnir hálfsmánaðarlega, svo á einnig við um deildafundi og kennslustjórafundi. Kennarafundir voru samtals fimm á önninni, auk þess voru sérstakir fundir fyrir umsjónarkennara. Sjá má dagatal skólans fyrir [haustönn 2018 og vorönn 2018 hér](#).

Opinn fundur með nemendum skólans var að venju í febrúar og má sjá [fundargerð](#) á heimasíðu skólans.

Talsvert alþjóðastarf var á vorönninni.

- Tölvuumsjónarmaður fór á upplýsingatækniþinguna Bett í London.
- Að venju fór hópur nemenda á fyrsta ári til Amsterdam og gisti hjá nemendum í Het Amsterdam Lyceum.
- Framhaldsskólabrautir fóru til London.
- Hópur nemenda í DANS3kh05 fór til Kaupmannahafnar.
- Skólinn var þátttakandi í Erasmus verkefninu REnergy 2017-1-IS01-KA219-026525
- Hópur nemenda fór með tveimur kennurum á leiklistarhátíð á Möltu.
- Tveir kennarar fóru á Euroclio ráðstefnu í Frakklandi.
- Bókasafnfræðingar skólans fóru á ráðstefnu í Hollandi.

Imbruvika var í skólanum sem endranær, en þá er brotin upp hefðbundin kennsla, og var þemað Framtíðin. Hápunktur Imbruviku er svo frumsýning söngleiks og árs hátíð nemenda. Að þessu sinni var söngleikurinn Pétur Pan sýndur og fékk söngleikurinn frábærar viðtökur og talsverða umfjöllun í fjölmiðlum.

Á vorönn var ákveðið að taka upp þriggja anna kerfi í FG eftir rúmlega ár. Þannig að kennsla samkvæmt þriggja anna kerfi hæfist haustið 2019. Kennsluárið 2018-2019 yrði nýtt til að undirbúa þær breytingar. Sem fyrsta skref í þeim undirbúningi var að breyta stokkatöflu skólans þannig að kennt yrði í 80 mínútna lotum í stað 50 mínútna lota sem var áður.

Brautskráning fór fram 25. maí og brautskráðust 103 nemendur. Af þeim 103 sem útskrifuðust voru 92 að útskrifast með stúdentspróf, 20 af listnámsbrautum, 18 af náttúrufræðibraut, 18 af viðskiptabrautum, 14 af alþjóðabrautum, 13 af félagsvísindabraut, 6 af íþróttabraut og 3 af hönnunar og markaðsbraut. Einnig útskrifuðust 4 nemendur af starfsbraut, 3 nemendur með lokapróf af framhaldsskólabraut, 1 nemandi af leikskólalíðabraut og að lokum kvöddum við þrjá skiptinema.

### **3.ii Haustönn 2018**

Innritun var talsvert erfið í júní. Umsóknir voru mun fleiri en við gátum sinnt. Í fyrsta sinn höfðu Garðbæingar ekki forgang inn í skólann. Þeir höfðu einungis forgang á framhaldsskólabraut en þar voru innritaðir 15 nemendur. Þegar upp var staðið komust ekki allir Garðbæingar í skólann og olli það talsverðu álagi á stjórnendur.

Ef vel ætti að vera vantar skólann fleiri nemendaígildi. Auk mikillar aðsóknar að dagskólanum erum við með fjarnám. Það er og hefur verið stefna skólans að vera með fjölbreytt námsframboð og tryggja þannig að sem flestir finni nám við hæfi. Upptökusvæði skólans eru stækkandi sveitarfélög, því auk Garðabæjar sækja nemendur frá Kópavogi og Hafnarfirði um skólavist. Má það m.a. rekja til náms á listnámsbrautum og íþróttabraut sem ekki er í boði í þeim sveitarfélögum. Undanfarin ár höfum við skilað af okkur fleiri nemendaígildum en við fáum greitt fyrir.

Þó aðsókn sé góð er hún ekki jafngóð á öllum brautum. Leiklistarhluti listnámsbrautar hefur slegið í gegn og er þar mikil aðsókn. Aðsókn að textílbaut heldur áfram að vera of lítil og veldur það nokkrum áhyggjum. Íþróttabautin hefur sótt í sig veðrið, nær tvöfaldast í fjölda nemenda frá árinu 2006.

Haustönnin hófst með þriggja daga námskeiði fyrir kennara 13. ágúst til stuðla að breyttum kennsluháttum og hjálpa til við undirbúning að breyttu stökkakerfi og breyttu annarkerfi á næsta skólaári.

Að námskeiðinu loknu hófst hefðbundin dagskrá. Kennarafundur og kennslustjórafundur voru 16. ágúst og var skólinn settur 20. ágúst og hófst kennsla sama dag. Skólaráðsfundir voru haldnir hálfmánaðarlega, svo á einnig við um deildafundi og kennslustjórafundi. Kennarafundir voru samtals fimm á önninni, auk þess voru sérstakir fundir fyrir umsjónarkennara. Sjá má dagatal skólans fyrir þessa [önn og vorönn 2019 má sjá hér](#).

[Opinn fundur](#) var með nemendum 3. október og haustfrí um miðjan mánuðinn.

Próf hófust 3. desember og var brautskráð 20. desember. Það voru 75 nemendur sem brautskráðust að þessu sinni, þar af voru 61 að útskrifast með stúdentspróf, 16 af náttúrufræðibraut, 15 af listnámsbrautum, 9 af íþróttabraut, 8 af félagsvísindabraut, 7 af alþjóðabraut og 6 af viðskiptabraut. Einnig útskrifuðust 14 nemendur af leikskólabraut fyrir leikskólaliða.

Alþjóðlegt starf var talsvert á önninni:

- Einn íþróttakennari fór ásamt 7 nemendum fór til Rúmeníu í tengslum við Erasmus verkefnið „Mapping Youth’s Health“.
- Tveir enskukennarar fóru til Dublin með hóp nemenda sem hluta af enskuáfanga.
- Þrír stjórnendur fóru til Tallinn á ráðstefnu European School Head Association.
- Einn líffræðikennari fór með fjóra nemendur til Portúgal í tengslum við Erasmus verkefnið REnergy 2017-1-IS01-KA219-026525.

#### **4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn**

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundi. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og annarra starfsmanna.

Foreldraráðið hefur á köflum verið ákaflega virkt og staðið fyrir fyrirlestrum, fundum og könnunum. Það sem hefur þó helst staðið starfsemi fyrir þrifum er þátttökuleysi foreldra. Það er ljóst að það er mikið verk fyrir höndum að sannfæra foreldra um að þeir eigi fullt erindi inn í framhaldsskólana. Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með netpósti en skólinn sendir af og til netpóst til forráðamanna með upplýsingum. Í þriðja lagi gefur skólinn út FG-fréttir sem birtast á heimasíðu skólans. Þegar [FG-fréttirnar](#) koma út er forráðamönnum og aðstandendum send tilkynning og slóð á fréttirnar. Á árinu 2018 komu FG-fréttir út fjórum sinnum. Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum edrúpotti.

## 5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG. Á hverju ári er gerð [sjálfsmatsáætlun](#) og [skýrsla](#) um sjálfsmat er birt á heimasíðu skólans á hverju ári. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG. Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar og 2 námsráðgjafar. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggji það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun og ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni. Skólaárið 2017-2018 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, mat á forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Úttekt á einni námsgrein/námsbraut var framkvæmd í sjötta sinn. Að þessu sinni var hluti listnámsins tekin út það er leiklist, textíll og trésmíði.

Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem eru hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deiberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum á vorönn. Stjórnendur skólans hafa ekki orðið varir við að kennurum sé á einhvern hátt illa við kennslukannanirnar eða finnst þær óþægilegar. Þvert á móti hafa kennarar ætíð séð sóknarfærið í þessum könnunum og meta þau samtöl sem þeir eiga við skólameistara eða aðstoðarskólameistara um niðurstöður.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar sjö sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Lesa má niðurstöður þessa úttekta í [sjálfsmatsskýrslum skólans](#).

## 6 Námsframboð

Miklar breytingar hafa orðið á framboði náms. Nú eru allar stúdentsbrautir orðnar þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt nú í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykkis mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Því eru nú allar brautir skólans

samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2018:

### Námsbrautir

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
  - alþjóðasamskiptasvið
  - menningarsvið
  - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
  - fata- og textílhönnunarsvið
  - leiklistarsvið
  - myndlistarsvið
  - tónlistarsvið (í vinnslu)
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
  - heilbrigðisvið
  - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
  - hagfræðisvið
  - viðskiptasvið
- Styttri brautir
  - Framhaldsskólabraut
  - Menntabraut
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)

## 7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

### 7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

### 7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2018

	2014		2015		2016		2017		2018	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	haust
Fjöldi nem.	678	766	672	725	642	736	669	722	659	725

### 7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2018.\*

Ár	Vor %	Haust %	Alls
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%	29/1444=2,0%
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%	28/1397=2,0%
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%	22/1378=1,6%
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%	24/1421=1,7%
2018	9/659=1,4%	8/725=1,2%	17/1384=1,2%



\* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur reynt að mæla brotthvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en okkar enda er talningin mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Meðan við skoðum hverjir hætta í FG á önninni. Tölur ráðuneytisins ná eingöngu yfir nýnema.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (MRN)								
Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Brottfall	8,6%	4,0%	6,4%	2,9%	7,1%	4,1%	4,6%	4,3%
Fjöldi nýnema í FG	186	173	172	173	198	193	195	185

#### 7.iv Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2014–2018 greind eftir kynjum.

Námsbr.	2014		2015		2016		2017		2018	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Almenn braut	24	9	12	10	13	14	19	12	17	18
Félagsvísindi	48	70	37	64	29	71	21	61	29	60
Hönnun- og markaðsbraut	7	19	6	17	7	21	10	25	20	37
Íþróttabraut	68	29	55	25	61	19	62	30	57	27
Fatahönnun	3	25	4	28	2	18	1	16	5	15
Leiklist	28	64	26	66	26	74	26	71	28	77
Myndlist	14	46	14	42	17	48	14	45	15	36
Tónlist	4	1				1		1		
Málabrautir	12	37	12	47	17	53	19	62	16	53
Náttúrufræðibrautir	104	61	86	64	73	56	53	59	39	55
ST2	11	3	10	4	8	6	10	4	9	9
Viðskiptabrautir	53	30	58	35	69	30	67	42	66	42
VSS	1	2		1						
<b>Samtals</b>	<b>377</b>	<b>396</b>	<b>320</b>	<b>403</b>	<b>322</b>	<b>411</b>	<b>302</b>	<b>428</b>	<b>301</b>	<b>429</b>
		773		723		733		730		730

\* Grunnskólanemendum í fjarnámi og nemendum með ótilgreinda braut í fjarnámi er sleppt.

#### 7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir póstnúmerum haust 2017 og haust 2018

Allir nemendur

Póstnúmer	Fjöldi	Fjöldi
	Dagskóli	Dagskóli
101	8	5
104	8	7

105	3	7
107	2	3
108	3	3
109	25	22
110	7	4
111	4	6
112	4	4
113	2	2
190	3	2
200	50	52
201	63	78
203	37	40
210	274	261
220	57	68
221	39	37
225	75	68
230	9	8
240	1	4
245	1	
250		1
260	4	4
262		2
270	5	8
271		1
300	2	1
301	1	
310	2	3
311	1	1
320	1	
350		1
355		1
360		3
370	1	1
371	2	2
415		1
465	1	
470	1	1
510	1	
520	2	1
531	1	1
545		1

550		1
600	6	2
700	2	
730	1	1
740		1
780	1	
800	3	1
801	1	
900	4	2
ÓSKRÁÐ	1	1
Samtals	721	725

### 7.vi Meðalstærð námshópa vor 2018 og haust 2018

Hópar	Vor 2018	Haust 2018
Viðmiðunarstærð 25-28	23,2	25,5
Viðmiðunarstærð 22-26	19,6	20,8
Viðmiðunarstærð 15-18	14,5	16,4
Viðmiðunarstærð 12-14	9,6	9,9
Fornámsáfangar 15-18	13,3	13,2

## 8 Starfsfólk

### 8.i Skólanefnd

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Steinþór Einarsson, varaform.
- Frosti Jónsson
- Sigrún María Jörundsdóttir
- Þorgerður Anna Arnardóttir
- Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir, fulltr. ken.
- Viktor Freyr Ómarsson, fulltr. nem.

### 8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2018

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	100%		
Aðstoðarskólameistari			1	100%
Áfangastjóri			1	100%
Fjármálastjóri			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%		
Framhaldsskólakennari	16	1440%	31	2936%

Leiðbeinandi	3	75%		
Kerfisstjóri	1	100%		
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%
Bókavörður			2	150%
Proskapjálfi			1	100%
Kennslustjóri sérnámsbr.			1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Matráður			1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	100%
Ræstitæknir			3	300%
<b>Samtals</b>		<b>1865%</b>		<b>4286%</b>

### 8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 46
- Aðrir starfsmenn 14

### 8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Snjólaug Elín Bjarnadóttir frá 1. nóv. 2017
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. jan. 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%)

### 8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir
- Húsvörður – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

### 8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 45 66,0%
- Karlar 23 34,0%

### 8.vii Starfsaldur kennara í FG

- við FG = 11,1 ár
- aðra skóla = 5,4 ár

### 8.viii Kennsluhættir í FG

Kennsluhættir í FG eru fjölbreyttir eins og gefur að skilja í stórum skóla. Á undanförunum árum hefur það verið markviss stefna að auka verkefnavinnu nemenda og að auka samvinnu þeirra. Til að koma til móts við aukna verkefnavinnu nemenda hefur verið komið upp svokölluðum verkefnastofum. Verkefnastofa er stofa með 15 til 21 tölvu (fartölvum), borðum er þannig raðað upp að tvær til þrjár

tölvur eru á hverju borði fyrir fjóra til fimm nemendur. Flestir bóknámskennarar nota verkefnastofurnar þannig að 50% tímana eru kennarar í verkefnastofu með hóp sinn og 50% í annarri stofu. Þetta styður aukna verkefnavinnu og samvinnu. Þessar stofur eru nú fimm. Búið er að stórbæta þráðlaust net í skólanum.

Sú breyting verður á næsta skólaári að við hættum með verkefnastofurnar og gerum þá kröfu til nemenda að þeir komi með sín eigin tæki í skólann. Til að koma til móts við þessar breytingar munu nemendur getað tekið að láni fartölvur sem verða á bókasafni skólans. Einnig verða breytingar gerðar á nokkrum stofum skólans til að styðja nýja kennsluhætti.

Á undanförunum árum hefur skólinn boðið upp á námskeið í skólanum til að styðja við breytingar á kennsluháttum. Hafa þessi námskeið verið vel sótt að kennurum og sést það glögglega á þeim breytingum sem hafa átt sér stað í mörgum áföngum skólans. Sem dæmi um slíka breytingu þá hafa 26 kennarar verið að prufa sig áfram með kennsluumhverfið Nearpod með góðum árangri. Margir kennarar hafa verið duglegir við að nota allskonar forrit, hugbúnað og kennsluumhverfi til að auka fjölbreytta kennsluhætti í skólanum.

Haustið 2013 byrjuðum við með svokallaðar smiðjur. Smiðja virkar þannig að 10 mínútur eru teknar af öllum kennslutímum. Þessum mínútum er safnað saman og komið fyrir í smiðjum, þar eru kennarar í fjórtíu mínútur með tíma með færri nemendum. Markmiðið með slíku fyrirkomulagi er að koma til móts við einstaka nemendur, auka einstaklingmiðað nám, koma til móts við nemendur sem misst hafa úr eða eiga í erfiðleikum í námi. Eftir að hafa reynt þessar smiðjur í tvö ár var kerfið rætt í þaula á kennarafundi í lok vorannar 2015. Það var almenn niðurstaða að of stór hluti nemenda mætti ekki í smiðju. Samþykkt var að færa smiðjurnar og hafa þær í lok frímínútna klukkan 10:10. Þetta hefur leitt til þess að smiðjur eru mun betur nýttar en áður var.

Á undanförunum árum höfum við unnið markvisst að ritun og heimildavinnu. APA kerfið hefur verið tekið upp í flestum áföngum og nemendur þjálfaðir í vandaðri heimildavinnu. Til að styðja kennara og nemendur við vandaða heimildavinnu þá nota margir kennarar Turnitin heimildarleitarkerfi samhliða INNU.

Á næsta skólaári munum við opna sköpunarrými (e. makerspace) á bókasafni skólans. Markmiðið með sköpunarrýminu er að hvetja kennara til að hugsa um sköpun í skólastarfinu. Rýmið verður þannig að þar verður m.a. þrívíddarprentari, vínlskeri, pappír og önnur áhöld til skapandi vinnu.

Ýmislegt annað hafa kennarar skólans gert tilraunir með eins og vendikennslu í stærðfræði, leiðsagnarnám í félagsvísindum, notkun á Facebook í kennslu og margt annað. Það er óhætt að segja að kennsluaðferðir og námsmat er fjölbreytilegt í skólanum.

## 9 Fjármál skólans

Ekki er hægt á þessari stundu að gera nákvæma grein fyrir fjármálum skólans þar sem uppgjör liggur ekki fyrir. Þó er óhætt að segja að staða skólans er góð og betri en hún hefur verið um langt skeið. Í [Ársreikningi](#) fyrir árið 2017 kemur fram að hrein eign er kr. 41,3 milljónir króna í árslok 2017. Samkvæmt rekstrarýfirliti fyrir skólann hefur heldur bæst við hreina eign skólans á árinu 2018. Því höldum við ótrauð áfram þeirri endurnýjun búnaðar sem þegar hafin og veitti ekki af.

Helstu vandræði varðandi fjármál skólans er skortur á gegnsæi í fjárveitingum og hversu seint uppgjör kemur fram. Miklar breytingar hafa orðið í ríkisfjármálum á síðustu árum og er það von okkar að þær séu til góðs og í framtíðinni liggi fyrir betri sundurliðanir á fjárveitingum og uppgjör liggi fyrir í samræmi við lög.

## Upplýsingar um framhaldsskóla

Skóli: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

### Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

FG er skóli með um 750 nemendum og um 68 starfsmönnum í 5.685 fermetra húsnæði. Gert er ráð fyrir 694 ársnemendum á árinu 2018 samkvæmt [fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga 2018](#).

### Námsframboð

FG er áfangaskóli með sjö stúdentsbrautir tvær styttri brautir. Í skólanum er jafnframt fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Rúmlega 90% nemendafjöldans stunda nám í dagskóla, tæp 10% stunda fjarnám .

### Sérverkefni, þróunarstarf

Skólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni mrn.

### Matsaðferðir og umbótaþættir skv. skýrslu

Skólinn hefur gert sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Sjálfsmatsskýrsla er birt á heimasíðu skólans.

### Úttektir

Skólinn var tekinn út af mrn á vorönn 2013. Niðurstöður ásamt viðbragðsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

Kennslumat er framkvæmt í hverjum áfanga á hverri önn.

Skólinn tók út kennslu í ensku á vorönn 2012, í íþróttagreinum vorið 2013, stærðfræði vorið 2014, starfsbraut vorið 2015, íslensku vorið 2016, erlend mál vorið 2017 og hluta listnáms vorið 2018.

### Afkoma, rekstrarstaða

Áramótastaða í lok árs 2018 er óviss þar sem uppgjör liggur ekki fyrir en öll teikn eru uppi um að hún verði jákvæð.

### Brottfall

Samkvæmt skráningu skólaráðs hættu 9 nemendur á vorönn 2018 og 8 á haustönn 2018.

### Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og kennslustjórar.

### Samvinna við aðra

Kennarar í FG semja próf og leggja fyrir nemendur í Garðaskóla sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

Nemendur í Sjálandsskóla og á Álftanesi stunda nám í fjarnámi í FG.

Fundað er annað hvert ár með grunnskólakennurum í Garðabæ og á Álftanesi.

Stjórnendur skólans eru í talsverðu samstarfi við stjórnendur Garðabæjar.

*Skólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Ungt fólk í Evrópu.  
Skólinn er í samstarfi við Amsterdam Lyceum í Hollandi.  
Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu ReEnergy.  
Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu Sustainability in the rural areas.  
Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu Mapping Youth's Health.*

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans**

*FG er almennur framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð. Sérstök áhersla er á listnám og er þar boðið upp á þrjár leiðir. Leiklist, myndlist, textíl- og fatahönnun. Tónlistarnemendur hafa fengið nám sitt í tónlistarskólum metið inn sem sérstakt listasvið innan listnámsbrautar. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda og er Garðabær helsta upptökusvæði skólans.  
Mjög mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir listnám og starfsbrautarkennslu við skólann.*



<b>Ríkisaðili</b>	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
<b>Ábyrgðaraðili</b>	Kristinn Þorsteinsson skólameistari	
<b>1</b>	<b>Kjarnastarfsemi</b>	
	<p>Skólinn starfar eftir áfangakerfi og býður upp á fjölbreytt listnám, íþróttabraut auk bóknáms. Staðfestar stúdentsprófsbrautir eru 7 og skiptast þær niður á nokkur svið. Að auki er starfrækt sérnámsbraut fyrir fatlaða. Stúdentsprófsbrautirnar eru skilgreindar sem 3ja ára brautir. Á heimasíðu skólans koma fram kröfur sem nemandi þarf að uppfylla við innritun til að komast inn í áfanga á 2. þrepi í kjarnagreinum. Skólanámskrá skólans er birt á vef hans sem og brautalýsingar.</p> <p>Skólinn býður upp á náms-og starfsráðgjöf, ráðgjöf í forvörnum, forvarnafulltrúa og við skólann starfar félagsmálafulltrúi nemenda. Nemendur sem þurfa á sálfræðiráðgjöf að halda fá nokkra tíma á vegum skólans.</p> <p>Í skólanum er vel útbúið bókasafn, tölvustofur, þráðlaust net og mötuneyti fyrir nemendur og kennara.</p> <p>Á haustönn 2018 starfa samtals 73 starfsmenn við skólann í 67 stöðugildum, 51 konur og 22 karlmenn. Kennarar eru 54. Yfirstjórn hefur ekki aukist frá 2003 og samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnastjóra (50%) og fjármálastjóra. Auk þess eru 2 náms-og starfsráðgjafar í 200% starfshlutfalli. Skólaárið 2018-2019 eru 3 konur í yfirstjórn og tveir karlar.</p> <p>Til stendur að taka upp þriggja anna kerfi í skólanum haustið 2019. Unnið hefur verið að því síðan 2014.</p>	
	<b>Markmið 1</b>	<b>Tengist markmiði málaflokks</b>
	Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.	Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2019 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann

**Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015**

			að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.				
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>	
Kennslumat áfanga	Lagt fyrir nemendur í lok annar. Með eftirfylgni í viðtölum við stjórnendur.	Ekki spurt um fjölbreytni kennsluhátta í kennslumati	Spurt um fjölbreytni í kennslu-háttum í kennslumati	Aukin fjölbreytni milli ára samkvæmt kennslumati.	Aukin fjölbreytni milli ára samkvæmt kennslumati.	Aukin fjölbreytni milli ára samkvæmt kennslumati.	
Niðurstaða úttektar á deildum	Skýrsla unnin um eina deild á ári. Þar eru spurningalistar, viðtöl og kannanir hjá nemendum.	Mikill mismunur milli deilda	Fleiri deildir noti fjölbreytta kennsluhætti	Fleiri deildir noti fjölbreytta kennsluhætti	Fleiri deildir noti fjölbreytta kennsluhætti	Fleiri deildir noti fjölbreytta kennsluhætti	
1. Fjöldi útskrifaðra nemenda með B eða hærra úr grunnskóla í kjarnagreinum.	Útskriftarlisti nemenda		55%	A.m.k. 60% nema útskrifist á níu önnum.	A.m.k. 65% nema útskrifist á níu önnum.	A.m.k. 70% nema útskrifist á níu önnum.	
2. Fjöldi útskrifaðra nemenda með lægra en B úr grunnskóla í kjarnagreinum (einum eða fleirum).				A.m.k. 60% nema útskrifist á 11 önnum.	A.m.k. 65% nema útskrifist á 11 önnum.	A.m.k. 70% nema útskrifist á 11 önnum.	

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

	3. Nemendur með D í tveimur kjarnagreinum eða fleiri úr grunnskóla.			A.m.k. 60% nema útskrifist.	A.m.k. 65% nema útskrifist.	A.m.k. 70% nema útskrifist.
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
	Stjórnendur og kennarar sækja námskeið til að efla sig í starfi og prófa nýjungar.	Vorönn 2015	Enn í vinnslu	500.000	550.000	550.000
	Úttekt á einni deild á ári, m.t.t. kennsluhátta. Kennslustundir heimsóttar, einstaklingsviðtöl við kennara og spurningar lagðar fyrir nemendur.  Úttektarskýrsla birt í sjálfsmatsskýrslu ár hvert.	Vorönn 2012	Viðvarandi			
	Kennslumat meðal nemenda í lok árs og viðtal stjórnenda við kennara.	Vorönn 2001	Viðvarandi			
	Kennarar sendir á BETT	Vorönn 2019	Óljóst	600.000	600.000	600.000
	Gerð skýrsla um hlutfall útskrifaðra nemenda.	Vorönn 2018	Viðvarandi			
<b>Markmið 2</b>			<b>Tengist markmiði málaflökks</b>			
	Taka upp þriggja ára kerfi á haustönn 2019.		Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2019 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.			

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

			Tengist markmiðum um minnkað brotthvarf.			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Tekið upp nýtt kerfi		Tveggja anna kerfi	Tveggja anna kerfi	Þriggja anna kerfi	Þriggja anna kerfi	Þriggja anna kerfi
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Nefnd um annarbreytingar		Haustönn 2017	Óviss	Vor2019 600.000	400.000	
Teymisvinna vegna annarbreytinga		Vorönn 2018	Óviss	Haust 2019 3.000.0000	3.000.000	
Námskeiðishald vegna annarbreytinga		Haustönn 2018	Óviss	1.000.000	1.000.000	
Markmið 3			Tengist markmiði málaflokks			
Að minnka brotthvarf nemenda.			Að fleiri nemendur útskrifist af námsbraut.			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
Skráning á lestrarörðugleikum í skólanum	Greiningar og kannanir frá íslenskukennurum		Vinnan hefst, skipa nefnd á haustönn 2018	Koma með tillögur um útfærslur á vorönn 2019. Unnið eftir	Unnið eftir tillögum	Unnið eftir tillögum

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

					tillögum á haustönn 2019		
	Skráning á þörf fyrir sálfræðiþjónustu	Skráning frá náms-og starfsráðgjöfum	Skipuleg skráning hefst	Viðvarandi	Viðvarandi	Viðvarandi	Viðvarandi
	Brotthvarf nemenda	Skráning skólaráðs á nemendum sem hverfa frá námi á hverri önn.	27	24	22	20	18
	Fjöldi nemenda af erlendum uppruna	Nemendalistar		Skipuleg skráning hefst -43 nemendur af erlendum uppruna	Þurfum að átta okkur á umfangi og brotthvarfi	Setjum okkur markmið um minna brotthvarf	Setjum okkur markmið um minna brotthvarf
	<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
	Unnið samkvæmt tillögum nefndar um lestrarörðugleika		Haust 2019	Viðvarandi	1.500.000	1.500.000	1.500.000
	Efla sálfræðiþjónustu til nemenda.		2016	Viðvarandi	1.500.000	1.500.000	1.500.000
	Hópráðgjöf fyrir þá nemendur sem falla á önn.		2017	Viðvarandi			
	Aðstoð til nemenda af erlendum uppruna.		Haustönn 2018	Engin	2.500.000	2.500.000	2.500.000
<b>2</b>	<b>Rekstrarþættir</b>						

Skipulag rekstrar er hefðbundið og miðar að því að styðja við meginstarf skólans sem er kennsla og þjónusta við nemendur. Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur áherslu á heilbrigði líkama og sálar. Skólinn er þátttakandi í verkefnum Grænum skrefum.

Innra mat skólans er fjölbreytt og tekur til allra þátta skólastarfsins. Kennslukönnun er lögð fyrir nemendur á hverri önn í öllum áföngum skólans. Henni er fylgt eftir með samtölum skólameistara og aðstoðarskólameistara við kennara á vorönn. Ein námsgrein / námsdeild er tekin út á hverri námsönn. Um viðamikla úttekt er að ræða sem er þríþætt. Könnun er lögð fyrir nemendur, kennslustundir allra kennara deildarinnar eru heimsóttar og persónuleg viðtöl eru tekin við kennarana. Allt innra mat skólans hefur verið sett upp í töflu og birt í sjálfsmatsáætlun og sjálfsmatskýrslum sem birtar eru á heimasíðu skólans.

Ytra mat skólans er í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Árið 2013 var gerð úttekt á starfsemi skólans af Attentus, mannauði og ráðgjöf fyrir ráðuneytið. Niðurstöður höfunda skýrslunnar voru mjög jákvæðar í garð skólans en eins og vera ber komu fram nokkrar tillögur til úrbóta til að gera gott skólastarf enn betra. Vel gekk að vinna út frá þeim tillögum. Gerð verður ytri úttekt á skólanum á vorönn 2019.

Rekstur skólans er góður. Í lok árs 2017 var hrein eign 41 milljónir króna. Því virðist sem eftir mörg mögur ár sé möguleiki á að bæta úr brýnni þörf í upplýsingatækni og búnaði skólans og sést það glögglega á markmiðum sem sett eru fram undir þessum lið.

**Markmið 1** Endurnýjun og breyting búnaðar

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Kortlagning búnaðar stöðumat búnaðar	Eignaskráning og ástandsskýrsla	Viðhald	8% af þörf uppfyllt	15% af þörf uppfyllt	20% af þörf uppfyllt	25% af þörf uppfyllt
Þarfagreining tölvubúnaðar	Skýrsla netstjóra (eignaskráning)	33% endurnýjað, rekstrar- samningur keyptur upp	33% endurnýjað	33% endurnýjað	33% endurnýjað	33% endurnýjað

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
Endurnýja / gera við húsgögn í kennslustofum, á bókasafni, vinnuaðstöðu kennara og endurnýjun á skrifstofum.		2017	Viðvarandi	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Endurnýja stóla og búnað í hátíðarsal skólans		2016	Viðvarandi	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Endurnýja tölvukost skólans, m.a. í tölvustofum byggt á tilboðum í rammamningi		2016	Viðvarandi	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Nýtt þráðlaust netkerfi sett upp		Nóv. 2018	Jan. 2019	3.500.000		
Nemendur koma með eigin tölvur í skólann		Haust 2019	Viðvarandi			
<b>Markmið 2</b>	Heilsuefling starfsmanna					
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>
	Úttekt á vinnuaðstöðu			Bæta 50% vinnuaðstöðu	Bæta 50% vinnuaðstöðu	
	Niðurstaða heilsufarsmælingar			Viðvarandi	Viðvarandi	Viðvarandi
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>

**Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015**

Bætt vinnuaðstaða	Vorönn 2019	Vorönn 2020	500.000	500.000	
Hvatt til hreyfingar með greiðslu íþróttastyrks	2019	Viðvarandi	400.000	450.000	450.000



